

Jafnlaunastefna Eignaumsjón hf.

1. Tilgangur

Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu Eignaumsjónar er að stuðla að jafnrétti kynja í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 150/2020, þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá Eignaumsjón.

2. Umfang

Jafnlaunastefna Eignaumsjónar nær til alls starfsfólks.

3. Framkvæmd

Eignaumsjón leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og að hæfileikar og færni alls starfsfólks njóti sín sem best og skjalfest er með stefnu þessari. Stefna okkar er að vera vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu og að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til þess að axla ábyrgð og sinna verkefnum óháð kyni. Eignaumsjón skuldbindur sig til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna þannig samfélagsábyrgð. Við fylgjum gildandi lögum, reglum og samningum á hverjum tíma sem snerta jafnréttismál.

4. Markmið

Jafnlaunastefnan og framkvæmd hennar er hluti af jafnréttis- og launastefnu fyrirtækisins. Allir stjórnendur fyrirtækisins skuldbinda sig til að framfylgja henni en endanleg ábyrgð liggar hjá framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Eignaumsjón skuldbindur sig til að:

- Fylgja lagalegum kröfum og reglum um launagreiðslur, kjör og jafnrétti
- Framkvæma launagreiningu árlega
- Halda úti menntunar-og hæfniskrá yfir starfsfólk fyrirtækisins
- Bregðast við athugasemendum um órókstuddan launamun
- Framkvæma reglubundna innri úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækisins
- Fá hlutlausan utanaðkomandi aðila til að framkvæma ytri rýni á að minnsta kosti þriggja ára fresti
- Kynna starfsfólk jafnlaunastefnuna
- Hafa jafnlaunastefnuna aðgengilega almenningi
- Endurmeta og betrumbæta stöðugt jafnlaunakerfið í heild sinni

5. Innleiðing og rýni

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á skjalfestingu, innleiðingu og framkvæmd stefnunnar ásamt því að sjá til þess að stefnunni og jafnréttisáætluninni sé viðhaldið, hún rýnd og endurskoðuð reglulega. Framkvæmdastjóri ber einnig ábyrgð á því að reglulega fari fram rýni á árangri jafnlaunakerfisins og brugðist við ef þarf. Allir stjórnendur Eignaumsjónar skuldbinda sig til að framfylgja stefnunni. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á stöðugum umbótum á öllum þáttum jafnréttis- og jafnlaunastefnunnar.

RÚK. 15. nov. 2022

Undirritun framkvæmdastjóra
